

Erindisbréf fyrir Eldriborgararáð Borgarbyggðar.

1. Skipan

Eldriborgararáð er skipað 8 fulltrúum.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar skipar eldriborgararáð að fengnum tilnefningum sbr. 3. mgr.

Félög eldri borgara í sveitarfélaginu tilnefna hvort um sig 2 aðila og 2 til vara. Sveitarstjórn skipar 4 aðila án tilnefningar og 4 til vara. Kjörgengir eru þeir sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu og eru eldri en 60 ára.

Skipunartími ráðsins er kjörtímabil sveitarstjórnar. Félagsmálastjóri er tengiliður sveitarfélagsins við eldriborgararáð. Hann starfar með ráðinu og er því til aðstoðar.

2. Starfsfyrirkomulag

Að afstöðnum sveitarstjórnarkosningum og kosningu í eldriborgararáð boðar sveitarstjóri til 1. fundar ráðsins.

Eldriborgararáð kýs sér formann og varaformann á fyrsta fundi sínum. Formaður boðar fundi í samráði við félagsmálastjóra. Fundargerðir ráðsins skulu lagðar fram í sveitarstjórn. Eldriborgararáð skal halda fund eigi sjaldnar en 2 sinnum á ári.

3. Nánar um ráðgjafahlutverk og samráð við eldriborgararáð

Eldriborgararáð Borgarbyggðar er sveitarstjórn til ráðgjafar og skal sveitarstjórn hafa við það samráð um málefni eldri borgara.

Eldriborgararáð getur komið ábendingum til sveitarstjórnar um allt það er betur kann að fara er varðar málefni eldri borgara.

Sveitarstjórn skal kynna eldriborgararáði með góðum fyrirvara hugmyndir og tillögur sem varða aldraða s.s.: hugmyndir um eða breytingu á gjaldskrám vegna þjónustu við aldraða og hugmyndir um eða breytingu á reglum um niðurfellingar eða afslætti til handa eldri borgurum.

Sveitarstjórn getur leitað eftir umsögn eldriborgararáðs varðandi allt það annað er varðar hagsmuni og aðstæður eldri borgara.

Sveitarstjórn skal halda fund með eldriborgararáði að lágmarki einu sinni á ári.

4. Starfsaðstaða

Borgarbyggð leggur eldriborgararáði til starfsaðstöðu.

Erindisbréf þetta var staðfest á fundi sveitarstjórnar 11. september 2014.